

SAMÞYKKT

um hundahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Hveragerðisbæjar sætir þeim takmörkunum tilgreindar eru í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

1. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það. Hundurinn skal skráður á skrifstofu Hveragerðisbæjar og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu fyrir ól um háls hundsins, þar sem fram kemur nafn og númer hunds og símanúmer eiganda. Leyfi til hundahalds tekur aðeins til þess að halda hund á lögheimili leyfishafa. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja frá lögheimilis-skilyrðinu, ef um er að ræða skamman tíma og aðstæður leyfishafa eru þess valdandi. Við slíkar aðstæður þarf þó að gæta að öðrum ákvæðum samþykktar þessarar. Ef hundur dvelst tímabundið í Hveragerðisbæ þarf að skrá hann til bráðabirgða en slík skráning gildir til 6 mánaða í senn. Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr.

2. Hundur sem sótt er um skráningu á skal örmerktur, með ISO-stöðluðu örmerki eða varanlega merktur á annan hátt.

Við skráningu hunda getur bæjarstjórn leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlits-umdæma telji hún ástæðu til.

Óheimilt er að gefa út skráningarskírteini nema eftirtalin gögn liggi fyrir:

Undirrituð umsókn.

Greiðslukvittun skráningargjalds.

Ormahreinsunarovottorð.

Vottorð um einstaklingsmerkingu.

Samþykki allra meðeigenda fjöleignarhúss, ef við á.

Skráðum eiganda hunds ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðseturskipti eða fráfall hunds.

Ræktun og sala hunda er háð reglugerð nr. 1077/2004 og leyfi Umhverfisstofnunar.

3. Umsókn um leyfi til hundahalds skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Þegar umsækjandi býr í fjöleignarhúsi skal umsókninni fylgja skriflegt leyfi annarra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými og umsækjandi.
4. Greiða skal í bæjarsjóð leyfisgjald og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar. Gjaldið skal ákveðið af sveitarstjórn. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd. Gjaldið skal greitt um leið og lögboðin hundahreinsun fer fram. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 20. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunar-gjald. Hundar, sem blindir menn eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbylum í bænum, eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hundahreinsun. Sé eftir því leitað, ber leyfishafa að færa sönnur fyrir því að honum beri ekki að greiða

leyfisgjald, s.s. með vottorði frá viðurkenndri björgunarsveit, ella ber honum að greiða gjaldið.

5. Skytt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og kvittun vegna greiðslu iðgjalds þegar hreinsun fer fram árlega.
6. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Hundar skulu færðir fyrst til hreinsunar þegar þeir hafa náð 4 mánaða aldri. Eigendum hvolpa er sérstaklega bent á að láta hreinsa hvolpa sína reglulega þar sem hvolpar fæðast með spóluorma í sér hafi móðir þeirra verið sýkt. Hvolpar hafa ekki mótefni fyrir spóluormum og geta ormar því náð sér verulega á strik í hvolpum.
7. Leyfisbréf skal útgefið af bæjarstjóra að fengnu leyfi bæjarstjórnar. Eigandi hundsins fær þá afhenta plötu sem greypt skal í skráningarnúmer hundsins og upplýsingar um eiganda. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Leyfisveitandi skal senda lögreglustjóra og dýraeftirlitsmanni afrit af leyfisbréfi.
8. Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Eigandi hunds verður jafnan að hafa plastpoka meðferðis þegar hundurinn er viðraður til þess að þrífa upp eftir hann. Nauðsynlegt er að þrífa alltaf upp eftir hundinn á almannaferi. Það bitnar á öllum hundaeigendum ef einn hundaeigandi þrífur ekki upp eftir hundinn sinn.
9. Hundur skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Hundinum er þó eðlilegt að fá að vera laus og ætti að hleypa honum frjálsum sem oftast þar sem slíkt er leyfilegt.
10. a. Sá sem verður fyrir biti skal strax leita læknis. Ef hundur bítur mann getur eigandi átt von á kæru frá þeim bitna eða aðstandanda hans. Heimilt er að aflífa þegar í stað hættulegan hund og hund sem bítur sbr. þó ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004.
- b. Hundaeiganda er þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun um aflífun er tekin sbr. 10. a.
- c. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi hunds vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, er heimilt að lóga hundinum án frekari fyrirvara.
- d. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu.
- e. Ef merktur hundur er handsamaður ber dýraeftirlitsmanni að hringja tafarlaust í viðkomandi eiganda og láta hann vita. Eigandi hundsins skal þá greiða handsömunargjald skv. gjaldskrá auk annars kostnaðar sem af handsömun hlýst.
11. Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í á eftirtalda staði:
 - Leikvelli.
 - Gistihús (gistiskálar, söluskálar, tjaldbúðir), verslunarmiðstöðvar, matsölur og aðra veitingastaði.
 - Skóla, kennslustaði, barnaheimili og dagvistir.
 - Rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
 - Heilbrigðisstofnanir og íþróttamannvirki.
 - Samkomuhús og hótél.
 - Húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.

3. gr.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða eða sinni hund eigandi eða umráðamaður hunds ekki fyrir mælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðan hunds getur bæjarstjórn afturkallað skráninguna, bannað viðkomandi eiganda að vera með hund í bæjarfélaginu, gert hund eiganda eða umráðamanni að koma hundi fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila eða látið fjarlægja hundinn. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

4. gr.

Eftirlitsmaður með dýrum í Hveragerðisbæ annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Hveragerði í umboði bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar og getur hann leitað aðstoðar heilbrigðiseftirlits og lögreglu yfirvalda, þegar þörf krefur.

5. gr.

Óskráða hunda og hunda sem ganga lausir utanhúss, skal eftirlitsmaður handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Eftirlitsmaður með dýrum sér um geymslu, fóðrun og afhendingu hunds og skal ávallt vera gott rými fyrir hund í geymslu og nægur matur og vatn handa honum. Kostnað við handsömun og geymslu hunds, s.s. vegna vinnu, aksturs, fóðrunar, greiðir eigandi við afhendingu. Kostnaður má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði við handsömun og geymslu hunds.

Hundum má lóga, sé þeirra ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun þeirra, enda hafi framkvæmdin verið auglýst tryggilega áður.

6. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Eigendum, forráðamönnum og öðrum aðilum sem halda hunda skv. samþykkt þessari ber að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. júní 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.